

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um lög-
mæti sveitarstyrks.* — Með brjefi yðar, herra amtmaður, frá 9. sept. þ. á. meðtók jeg þær ítarlegri skýringar, er jeg hafði beizt viðvíkjandi áfrýjun Akrahrepps á úrskurði yðar frá 15. febr. f.á., er staðfestir úrskurð sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu frá 20. júlí 1876 um, að Einar Andrjesson eigi með fjölskyldu sinni rjett til sveitarframfæriss í Akrahreppi, sem einnig sje skyldur að endurborga Holtshreppi 53 kr. 83 a., er lagðir hafa verið Einari af sveitarfje Holtshrepps. Vil jeg því nú tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar það, er eptir fylgir.

Það er viðurkennt af öllum, að Einar Andrjesson hafi í marzmánudi 1873 meðtekið frá öðrum hreppstjóra Holtshrepps 14 kr. 25 a. styrk, og að hann þegar hann þáði þenna styrk, hafi átt sveit í Akrahreppi, en úr þessum hreppi fluttist hann inn í Holtshrepp vorið 1864. Akrahreppur heldur nú því fram með áfrýjun sinni, að hinn nefndi styrkur hafi ekki verið nauðsynlegur, þar sem Einar hafi verið skuldlaus í kaupstað, og því getað fengið þar matarlán, og þar sem honum, um hinar sömu mundir, og hann fjekk styrkinn, barst 20 kr. gjöf, er nokkrir hreppsþúar á kirkjufundi að Flugumýri skutu saman handa honum. Loksins hefir af hálfu Akrahrepps verið bent á, að Einari myndi hafa verið hótad úbyggingu af jörð þeirri, er hann þá bjó á, og sem var eign föður annars hreppstjórans í Holtshreppi, ef hann þæði ekki sveitarstyrk.

Hinum síðast nefndu ummælum hefir með prófum þeim, er síðan hafa verið átt í málinu, ekki fundist neinn staður, þvert á móti hefir komið fram, að nefndur landsdrottinn hafi veitt Einari frest með borgun á eptirgjaldi, er hann ekki gat staðið í skilum með, og hefir Einar borið, að landsdrottinn sinn hafi æfinlega verið sjer hinn hjálpegasti, og að það sje fjarstætt því, að hann hafi nokkru sinni hótad sjer úbyggingu.

Hinn umræddi styrkur finnst ritaður í sveitarbók Holtshrepps sem lán «eptir til-
mælum hreppstjóra í Akrahreppi upp á væntanlegt endurgjald þaðan». Með rjettar-
prófum þeim, er í sumar fóru fram í málinu, er það nægilega sannað, að Einar hafi vet-
urinn 1872—73 átt mjög bágt og örðugt uppdráttar, og mátt líða neyð fyrir matarskort-
i; hefir sjer í lagi einn náþúi Einars skýrt frá því, að hann skömmu áður, en Einar fjekk
styrkinn, hafi komið á heimili Einars og þá sjeð, að engin matbjörg hafi verið í bönum
nema 7 til 8 merkur af mjólk úr 2 kúm, er voru illa fóðraðar og því mjólkuðu lítið, og
hafi þurft að lifa á þessu 7 menn þar á meðal 4 ungbörn; og í bónarbrjefi frá 8. marz
1873 um styrk, er Einar þá skrifaði hreppstjóranum í Akrahreppi, lýsir hann ástandi sínu
líkt þessu. Einar hefir nú enn framborið, að þegar hann í neyð sinni greindan vetur,
eins og áður hefði átt sér stað, leitaði hjálpar til landsdrottins síns, hafi sjer verið ráð-
lagt að leita styrks til framfærsluveitar sinnar. Hafi hann þar eptir snúið sjer að öð-
rum hreppstjóra Holtshrepps, er hafi gefið honum nppkast til hins nefnda brjefs frá 8.
marz 1872 til Akrahrepps, og hafi þar eptir hinn hreppstjórinn, er átti fyrir hendi ferð
upp í Skagafjörð tekið brjefið með sjer. Þegar hreppstórinn kom heim, hafi hann ekkert
svar haft með frá Akrahreppi, og hafi Einar þá sárþent hreppstjóranum um styrk, og feng-
ið 3 skeppur af rúgi og 3 skeppur af baunum, en fáu dögum eða litlu síðar hafi komið
brjef frá hreppstjóranum í Akrahreppi, þar sem þessi hreppstjóri sendir Einari ávísun á
20 kr., og segist hafa borið brjef Einars, er innihjelt beiðni um styrk úr sveitarsjóði
Akrahrepps, einmitt af þessari upphæð, upp á kirkjufundi á Flugumýri og að »hrepps-
bændur« hafi tekið vel undir »að rjetta Einari hjálparhönd«. Þar á móti getur brjef
hreppstjórans ekki um, hvort styrkur þessi ætti að vera sveitarstyrkur eða vinagjöf; en hrepps-
nefndin í Akrahreppi hefir haldið því fram, að styrkurinn kæmi ekki sveitinni við, eins

172 og hún einnig hefir neitað, að það sje rjett tilfært í sveitarbók Holtshrepps, að styrkur
18. nóv. sá, er þar getur um, hafi verið veittur eptir tilmælum Akrahrepps, og hefir Holtshreppur ekki sannað þetta. En hvað sem nú því líður, þá sýna undirtektir hreppsboenda Akrahrepps, undir beiðni Einars um styrk þaðan, að þeir hafa álitid Einar hjálparþurfa, og þegar í sambandi við þetta er tekið tillit til þess, sem síðan hefir komið fram um ástæður Einars veturinn 1872—73, virðist ekki geta verið neinn vafi um, að sveitarstyrkur sá, er Holtshreppur veitti Einari hafi verið nauðsynlegur, Akrahreppur virðist því síður hafa ástæðu til að bera sig upp undan meðferð Holtshrepps á þessu máli, sem þessum hreppi hefði í rauninni verið bæði heimilt og skylt að veita Einari bráðabirgðastyrk samkvæmt 9. gr. fátækrareglugjörðarinnar, undireins og hreppstjórnarnir væru komnir að raun um neyð Einars og án þess að biða þess, að Einari bættist styrkur úr Akrahreppi. Hinsveggar hefði Holtshreppur, undireins og Einar fór þess á leit að fá hjálp af sveitarsjóði, átt að framkvæma skoðunargjörð á matbyrgðum Einars, en þegar haft er tillit til annara ástæða þessa máls, virðist þessi vanrækt ekki geta haft þá verkun, að styrkurinn verði álitinn ólöglega greiddur úr sveitarsjóði.

Í sambandi hjer við skal þess getið, að talsverðar líkur hafi komið fram fyrir því, að styrkurinn frá Holtshreppi hafi verið veittur 16. marz 1873 eða daginn áður en hreppstjórnin í Akrahreppi sendi Einari 20 kr. ávisanina, er var send með tækiferisferðum og því hlýtur að hafa verið nokkra daga á leiðinni, og að bæði Einar og Holtshreppstjóri hafi borið, að Holthreppstjórnar hafi ekki fengið vitneskju um styrkinn úr Akrahreppi fyrr en löngu eptir, að Einar hafði fengið styrkinn úr Holtshreppi. En að því er það snertir, hvort Einar hefði getað fengið lán hjá kaupmanni, í stað þess að leita sveitarstyrks, þá er varla líklegt eptir því sem efnahag Einars er lýst veturinn 1872—73, að hann þá hafi haft mikið lánstraust í kaupstað, og getur sjálf sagt ekki komið til tals, að sveitarstjórnir, megi hvetja þurfa til að leita annarstaðar lána, er þeir auðsjáanlega ekki gætu fengið nema með því að leynd fátækt og bágbörnum ástæðum sínum.

Það verður því að ætla, að sveitarstyrkur sá frá Holtshreppi, er getur um í þessu máli, hafi verið löglega lagður hlutaðeigandi fátæklingi, og kemur því ekki til tals að rannsaka, hvort styrkur sá, er Einari barst frá Akrahreppi litlu eptir að hann hafði fengið styrk frá hreppstjórnunum í Holtshreppi, og annar 20kr. styrkur frá tengdaföður hreppstjórnans í Akrahreppi, er Einar fjekk á 10. ári dvalar sinnar í Holtshreppi eða veturinn 1873—74 verði álitinn sveitarstyrkur, þó hann sje ekki ritadur í viðkomandi sveitarbók.

Samkvæmt öllu því, sem þannig er tekið fram, skal úrskurður sá, er þjer herra amtmaður og sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu, hafið lagt á málið, óraskaður standa.

173

24. nóv.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um jörðina Kaldaðarnes. — Með þóknanlegu brjefi frá 20. þ. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer brjef sýslumannsins í Árnassýslu frá 3. júlí þ. á. þar sem hann tekur fram ýms, að hans áliti, vafasöm atriði viðvíkjandi spítalajörðinni Kaldaðarnesi, er honum með brjefi mínu frá 18. apríl þ. á. (stjórnartíð. B. 92.) var boðið að takast á hendur umsjón yfir fyrst um sinn. Þjer hafið einnig með sama brjefi sent mjer erindi ábúandans á nefndri jörðu Einars Ingimundssonar, dags. 3. júlí þ. á. Út af þessu vil jeg hjer með tjá yður það, er hjer segir, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum.

Af skýrslum þeim viðvíkjandi leigumála á jörðum landssjóðsins, er jeg hafið